

Auka aðalfundur í stjórn Minjasafns Austurlands, föstudaginn 21. apríl 2017 kl. 16:00 í Safnahúsinu.
Mættar eru: Marianna Jóhannsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsd (ritar fundargerð) og Elsa Guðný safnstjóri. Þórdís Sveinsdóttir og Gunnar Jónsson hennar varamaður boðuðu forföll, sem og Kristjana Björnsdóttir og Björn Aðalsteinsson varamaður.

1. Afgreiðsla ársreiknings

Endurskoðaður ársreikningur liggur fyrir og er rekstrarniðurstaðan neikvæð á árinu að fjárhæð 11,3 millj. kr. og skýrist það af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1. Stjórn áritar ársreikning.

2. Minjasafn Austurlands sem ábyrgðarsafn.

Úr fundargerð síðasta fundar:

Elsa Guðný vekur athygli á því að komið í menningarstefnu Fljótsdalshéraðs sem gefin var út árið 2016 að stefnt skuli að því að safnið verði ábyrgðarsafn. Stjórn er jákvæð fyrir því. Elsu Guðnýju ætlar að kanna málið og það verður tekið fyrir á næsta fundi.

Elsa leitaði upplýsinga hjá Þóru Björk Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Safnaráðs og fékk eftirfarandi svar:

„Eins og málin standa hafa engin söfn fengið stöðu ábyrgðarsafns og er ferlið enn á mótunarstigi hjá ráðuneyti, safnaráði og höfuðsöfnum.

Í safnalögum segir að ábyrgðarsafn er viðurkennt safn sem ráðherra hefur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði. í 13. gr. segir að ráðherra getur aðeins aðhafst í þessum málum að fenginni tillögu höfuðsafns, og að safnaráð þarf að fjalla um slíka tillögu skv. h.-lið 2. mgr. 7. gr. laganna, áður en höfuðsafn getur sent ráðherra slíka tillögu.

Því get ég eins og málin standa, ekki ráðlagt þér næstu skref vegna þessa máls, en þegar skriður kemst á málið þá verður það tilkynnt með formlegum hætti.“

Kynnt fyrir stjórn og ljóst er að þetta er mál í ferli og verður því ekki unnið lengra fyrr en formleg tilkynning kemur.

3. Ný safnastefna á sviði menningarminja

Elsa Guðný sótti vörfund Þjóðminjasafnsins 19. apríl síðastliðinn. Þar var kynnt ný safnastefna á sviði menningarminja. Þetta er í þriðja sinn sem Þjóðminjasafnið stendur fyrir mótun slíkrar stefnu í samræmi við lög um Þjóðminjasafn Íslands en hún er hugsuð sem leiðarvísir í faglegu starfi safna á landsvísu. Elsa lagði stefnuna fram til kynningar en hún verður aðgengileg á vef Þjóðminjasafnsins innan skamms.

4. Önnur mál

4.1 Úr fundargerð síðasta fundar:

Elsa Guðný fékk erindi frá Breiðdalsssetri um að koma á tengingu á milli setursins og Minjasafnsins. Komið er uppkast frá Breiðdalsssetri að samstarfssamningi milli þessara tveggja staða sem Elsa Guðný kynnir. Stjórn jákvæð og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Elsa hefur tilkynnt verkefnastjóra Breiðdalssseturs um afstöðu stjórnar Minjasafnsins til málsins. Stjórn Breiðdalssseturs hefur ekki tekið málið fyrir enn sem komið er.

4.2 Skýrsla safnstjóra frá síðasta stjórnarfundi

- Flutningur gripa á Tjarnarás: Björgunarsveitin Jökull flutti munina í fjáröflunarskyni en eftir er að kaupa hillur sem henta þessari geymslu.
- Ástand geymslunnar í Safnahúsinu. Elsa Guðný hefur haft samband við Kjartan yfirmaður eignasjóðs Fljótshéraðs og hann er væntanlegur í skoðunarferð.
- Vinnuferð í Fjarðaselsvirkjun. Gripir frá Minjasafninu eru til sýnis á lítilli sýningu í virkjuninni. Aðeins var ábótavant að skrá gripina og var ferðin nýtt í að mynda þá og skrá. Elsa Guðný heimsótti einnig leikskólann á Seyðisfirði í ferðinni og kynnti Minjasafnið fyrir nemendum.
- Fyrirlestur Stefans Jonassonar. Sumardaginn fyrsta kom Stefan með fyrirlesturinn *Icelanders and the Canadian Mosaic* og var viðburðurinn vel heppnaður.
- Dagskrárgerðarmenn Að austan frá sjónvarpsstöðinni N4 komu og tóku upp innslag um Hreindýrasýninguna og verður það sýnt sennilega í lok apríl.
- Sumarið framundan. Starfsmannamál sumarsins eru að leysast.
- Seglmerkingar á húsið eru í vinnslu í samráði við yfirmann eignasjóðs Fljótshéraðs.
- Í vinnslu er uppsetning á sýningu af tilefni afmælisárs Egilsstaða.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:30